

**Ed.**

**368. Nefndarálit**

um frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Svo sem tekið er fram í álit 1. minni hl. nefndarinnar (þskj. 350), er það augljóst, að allsm. getur ekki sem heild orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Það er erfitt verk og vandasamt að finna nýjar og heppilegar leiðir til tekjuöflunar

fyrir bæjar- og sveitarfélögin, án þess að lenda inn á hinar sömu tekjuöflunarbrautir, sem rikissjóðurinn nú þegar fer. Það er sannfæring okkar, að nú sem stendur verði að forðast að leggja nýjar skattabyrðar á landsmenn, þannig lagaðar, að þær komi sérstaklega niður á aðalframleiðslunni. Þess vegna getum við ekki fallizt á þá leið, sem III. kafli frv. gerir ráð fyrir, og leggjum því til, að sá kafli allur falli burt. En þar eð við viðurkennum þörfina á nýjum tekjum handa kaupstöðunum, ætlumst við til, að aðflutningsgjöldin samkvæmt IV. kafla hækki um helming, og að upphæð sú, sem þannig fæst, skiptist milli allra bæjar- og sýslufélaga í landinu. Við teljum einfaldara, að þessar nýju tekjur renni til sýslusjóðanna, en ekki hreppssjóða. Sparar það hreppssjóðunum tilsvarendi útgjöld til sýslusjóðanna, en sýslusjóðsgjöldin eru nú einn þungstí bagginn á hreppssjóðunum. Leggjum við til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

#### BREYTINGUM.

1. III. kafli frv. (15.—23. gr.) falli niður.
2. Við 24. gr. Greinin falli niður.
3. Við 25. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo: skal bæta 10 af hundraði af gjöldunum, eins og þau eru að lögum á hverjum tíma, og skiptist viðaukagjald þetta eftir mannfjölda milli sýslu- og bæjarfélaga landsins.
4. Við 26. gr. Í stað „hreppfélaga“ komi: sýslu- og bæjarfélaga.
5. Við 27. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo: svo og um íbúatölu í viðkomandi lögsagnarumdæmi.
6. Við 28. gr. Greinin orðist þannig:

Þegar atvinnumálaráðherra hafa borizt allar skýrslur, sem nefndar eru í 27. gr., lætur hann gera skrá um fjárhæð gjaldaukans eins og hann var samanlagður á öllu landinu á síðastliðnu almanaksári, svo og skrá um íbúatölu allra sýslu- og bæjarfélaga á landinu, skiptir síðan fjárhæðinni milli hinna einstöku sýslu- og bæjarfélaga eftir íbúatölu þeirra og sendir hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarstjóra það fé, sem á að fara til sýslu hans eða bæjarfélags umfram það, sem þar hefir verið innheimt, og leggur fyrir innheimtumenn að senda það, sem innheimt kynni að vera umfram það, sem viðkomandi sýslu- eða bæjarfélag á að fá.
7. Við 29. gr. Greinin falli niður.
8. Við 35. gr. Í stað „1 af hundraði“ komi:  $\frac{1}{2}$  af hundraði.
9. Greinatala og tilvísanir í einstakar greinar breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 18. apríl 1936.

Páll Hermannsson,  
frsm.

Ingvar Pálmason,  
fundaskr.